



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2019

HVMÁ1MG05 Handavinna málmíðna

Kennari: Magnús Tryggvason	Sk.st.	MT
-----------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing: Nemendur skulu kynna notkun helstu handverkfæra, vera færir um að velja þau og nota til málmsmíða. Þeir kynna eðli og formunarmöguleikum helstu smíðamálma. Nemendur læra að beita algengum mælitækjum og gera sér grein fyrir því hve nákvæm vinnubrögð eru mikilvæg við málmsmíði. Að áfanga loknum geta nemendur smíðað einfalda gripi.

Þekkingarviðmið:

Þekking á beitingu handverkfæra.

Gerð handverkfæra og mismunandi gæði þeirra.

Ólíkar gerðir handsagarblaða, þjala, meitla og hamra ásamt notkun þeirra.

Helstu handverkfæri til skrúfuskurðar.

Mælitæki og hjálpartæki við uppmerkingar ásamt notkun þeirra.

Slípibönd og smergelsteina.

Leikni/hæfniviðmið:

Valið bora eftir efnum sem bora skal og snúningshraða eftir borstærð og efnum.

Valið rétt sagarblöð eftir mismunandi efni og beitt þeim.

Valið réttar þjalir fyrir mismunandi efni m.t.t. mismunandi lögunar, nákvæmni og áferðar.

Beitt helstu gerðum hamra með mismunandi lögun og þyngd.

Notað mismunandi mælitæki til málmsmíða.

Beitt helstu hjálpartækjum, s.s. rissnál, vinkli, hæðarrissi og hringfara við uppmerkingu.

Formað einfalda nytjahluti.

Skrúfuskorið (snittað).

Námsefni: Málmsmíði. Efni hjá kennara.

Verkefnaskil og námsmat: Vörubíll (Ál, járn, blikk, messing), fagbókleg verkefni. Verklegr verkefni 60%, fagbókleg verkefni 10%, umgengni 10%, ástundun 20%.